

Mál nr. 143/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu á Akureyri 31.3.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 13.5.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-6
3. Bréf V-2 dags. 24.5.2016

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið eftir Gránufélagsgötu og runnið aðeins út á Glerárgötu vegna háلكu og bakkað til baka og A verið kyrrstæður þegar B var ekið aftan á A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A á lítilli ferð og ekki náð að stöðva vegna háلكu og reynt að sveigja B til hægri frá A en það ekki dugað til.

Álit.

Ökumaður A segist hafa séð til ferða B niður Glerárgötu, að mati ökumanns A töluvert ofar í götunni, áður en hún tók ákvörðun um að bakka aftur inn á götuna. Ökumaður A tók því ákvörðun um að bakka gegn akstursstefnu og taka þar með upp hemlunarvegalengd B þó hún vissi að B var að koma niður götuna í mikill háلكu. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum. Ekki skiptir máli í þessu sambandi þó að ökumanni A hafi tekist að stöðva A skömmu áður en árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 24.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.